

**63.fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 11. október 2012, kl.17:00
í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn.**

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þórsoddsson, Nanna S. Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, og Sigríður Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti lagði til að dagskrárliður 5 yrði felldur út og settur í staðin dagskrárliðurinn skýrsla sveitarstjóra. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 17. 09. 2012
Lögð fram til kynningar
2. Fundargerð sambands íslenskra sveitarfélaga, dags 07.09.2012
Lögð fram til kynningar
3. Fundargerð Eyþings dags. 11.09.2012
Lögð fram til kynningar
4. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, dags 02.10.2012
Sveitarstjóri fór yfir að verið væri að vinna í þessu.
5. Skýrsla sveitarstjóra
Sveitarstjóri fór yfir að búið væri að skipta um þak á skólanum og byrjað verður á næstunni á því að skipta um þak slökkvistöðinni og klæðningu og í framhaldi af því verður farið í klæðninguna á áhaldahúsinu. Umræður um frekari framkvæmdir sem þyrfti að fara í. Fram kom að skoða þarf ástand á þakinu á grunnskólanum á Bakkafirði. Huga þarf einnig að því að fara að byrja á endurbótum á félagsheimilinu.
6. Trúnaðarfundur.
Fundi lokað og fært í trúnaðarbók.

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl 17:50